

**Listahátíðin List án Landamæra á Fljótsdalshéraði**  
**10. maí – 25. maí**  
**Skriðuklaustur**



**Myndlistarsýningin Bubbi**

Listamenn: Aron Kalé og Íris Lind Sævarsdóttir

Sýningin Bubbi er samsýning Arons Kale og Írisar Lindar. Nokkra föstudagsmorgna hittust við og unnu saman á vinnustofunni í Sláturhúsinu. Sýningin Bubbi er um bubbann innra með okkur sem getur tekið á sig margar myndir. Við sýnum hann ekki öllum og hræðumst hann jafnvel sjálf. Stundum er bubbi leiður, einmana, sorgmæddur eða vondur, stundum setur hann upp grímu en stundum er hann glaður og dansar við minnsta tilefni. Það er gott að tala um bubbann innra með okkur og skilja af hverju hann er þarna því þá verðum við kannski örlítið hamingjusamari.